



# SAMBAND ÍSLENSKRA VIÐSKIPTABANKA

Isländska Bankföreningen · Bankers' Association of Iceland

Reykjavík, 31. mars 1998

Alþingi,  
efnahags- og viðskiptanefnd,  
Þórshamri v. Templarasund,  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 122/1631*  
*komudagur 31.3. '98*

Efni: Umsögn um frv. um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi (560. og 561. mál).

Bréf þetta er ritað fyrir hönd Sambands íslenskra viðskiptabanka og Sambands íslenskra sparisjóða.

Vísað er til bréfs yðar frá 19. mars 1998, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi (560. mál) og frumvarp til laga um breytingar á sérákvæðum í lögum um fjármálaeftirlit (561. mál).

Samböndin styðja þá tillögu sem fram kemur í frumvarpinu að sameina banka- eftirlit Seðlabanka Íslands og Vátryggingaeftirlitið í nýja stofnun, Fjármálaeftirlitið, sem staðsett verður utan Seðlabanka Íslands. Þau áttu fulltrúa í nefnd á vegum viðskiptaráðuneytisins sem fjallaði um þetta mál, sbr. fylgiskjal I með frumvarpinu, og komu sjónarmiðum sínum þar á framfæri. Þau áttu þess jafnframt kost að fara yfir drög að frumvarpinu og koma ábendingum á framfæri við viðskiptaráðuneytið. Margar af ábendingum sambandanna hafa verið teknar til greina og í ýmsum öðrum tilvikum hafa verið fundnar ásættanlegar málamiðlanir. Engu að síður vilja samböndin koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

*Greiðsla annarra en tilgreindra flokka eftirlitsskyldra aðila.*

Í 16. gr. frumvarpsins eru taldir upp helstu flokkar eftirlitsskyldra aðila og hvernig eftirlitsgjaldið sem hverjum flokki er gert að greiða skuli reiknað út. Hins vegar virðist sem eftirlitsskyldum aðilum sem ekki eru taldir upp í greininni sé alls ekki eða með óljósum ætlað að standa straum af kostnaði við starfsemina. Sem dæmi um slíka aðila má nefna Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, sbr. lög nr. 61/1997, húsbrefadeild Húsnæðisstofnunar ríkisins, sbr. lög nr. 97/1993, og innheimtuaðila, sbr. frumvarp sem viðskiptaráðherra hefur lagt fram á yfirstandandi þingi (554. mál). Þótt hugsanlega megi túlka orðin „sértækt eftirlit“ í lokamálgrein 16. gr. þannig að það taki til eftirlits með þessum aðilum og byggja gjaldtöku á því, þá telja samböndin engu að síður mikilvægt að ótvíræðar lagaheimildir séu fyrir því að leggja tiltekið lágmarkseftirlitsgjald á alla eftirlitsskylda aðila þannig að allir eftirlitsskyldir aðilar sitji við sama borð.

Lagt er til að 6. mgr. 16. gr. orðist svo: Ráðherra skal í reglugerð setja nánari fyrirmæli um greiðslu eftirlitskostnaðar. Þar er heimilt að kveða á um að þeir aðilar sem falla undir 2. mgr. 2. gr. skuldi greiða árlegt eftirlitsgjald samkvæmt reikningi í samræmi við þann tíma sem í eftirlitið fer, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr., og að sértækt eftirlit eða viðamiklar kannanir sem stofnunin framkvæmir verði greiddar samkvæmt reikningi.

*Umfang starfseminnar.*

Í kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins um frumvarpið kemur fram að áætlaður kostnaður við starfsemi bankaeftirlits Seðlabanka Íslands og Vátryggingaeftirlitsins hafi verið um 150 m.kr. á árinu 1997. Í athugasemdum við 16. gr. frumvarpsins kemur fram að árlegur kostnaður við rekstur Fjármálaeftirlitsins geti numið allt að 200 m.kr. Hér virðist því vera gert ráð fyrir allt að 33% hækkun á árlegum kostnaði þrátt fyrir að gera megi ráð fyrir einhverju hagræði af sameiningunni. Að mati samtakanna er þetta enn eitt dæmi um gegndarlausu útpenslu „eftirlitsiðnaðarins“ hér á landi sem atvinnulífið og almenningur í landinu þarf að standa undir með einum eða öðrum hætti. Af hálfu sambandanna verður lögð á það rík áhersla að ráðgjafarnefndin gegni hlutverki sínu, sbr. 7. gr. og 2. mgr. 16. gr., og að ráðherra taki tillit til sjónarmiða hennar þannig að spornað verði gegn taumlausum vexti stofnunarinnar. Vonast samböndin til að efnahags- og viðskiptanefnd taki undir þessa skoðun í nefndaráliti sínu. Það er einnig í ljósi þessa sem samböndin mæla sérstaklega með því að endurskoðunar-ákvæðið í 3. mgr. 20. gr. verði lögfest.

*Bindiskylda og eftirlitsgjald.*

Samböndunum þykir rétt að upplýsa efnahags- og viðskiptanefnd um það að þau munu óska eftir því við viðskiptaráðherra að hann beiti sér fyrir því, verði ákvæðin um eftirlitsgjaldið lögfest, að breytingar verði gerðar á bindiskyldu lánastofnana við Seðlabankann. Að mati sambandanna er bindiskyldunni fyrst og fremst beitt til að skapa Seðlabankanum tekjur til að standa straum af starfsemi sinni, m.a. til að sinna eftirliti með starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða. Samböndin telja því eðlilegt að verði ákvæði eftirlitsfrumvarpsins um eftirlitsgjald samþykkt þá verði bindiskyldan endurskoðuð, annað hvort þannig að bindihlutföll verði lækkuð eða vextir af bundnu fé hækkaðir.

*Röðun greina.*

Loks þykir samböndunum rétt að benda á að það færi betur á því að þeirra mati að fjalla um alla stjórnslu Fjármálaeftirlitsins í II. kafla. Því leggja þau til að ákvæði 17. gr. um kærunefnd verði flutt úr V. kafla í II. kafla.

Virðingarfyllst,

Finnur Sveinbjörnsson,  
framkvæmdastjóri